Húsnæðismál

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 bendir á nauðsyn þess að stjórnvöld séu samstíga heimamönnum á þeim svæðum Vestfjarða þar sem uppbygging er. Þetta á ekki hvað síst við um úrlausnir í húsnæðismálum, bætt aðgengi að lánsfé og lausnir á þeim vanda sem skapast þar sem mikill munur er á byggingarkostnaði og markaðsverði íbúða líkt og víða er á Vestfjörðum. Skortur á íbúðarhúsnæði er vandamál og mjög vantar upp á að lánastofnanir og þá sérstaklega Íbúðalánasjóður vinni í takt við hækkandi markaðsverð.

Atvinnumál

Línuívilnun

59. Fjórðungsþing Vestfjarða haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014 krefst þess að þær skerðingar sem áttu sér stað á aflamarki til línuívilnunar í ýsu og steinbít verði afturkallaðar strax og línuívilnun í þessum tegundum verði færð úr 20% í 30%.

Greinargerð:

Þeir erfiðleikar sem smábátasjómenn á Vestfjörðum standa nú frammi fyrir þar sem flestir firðir og flóar eru með mikið af ýsu en þorskur liggur mjög djúpt á veiðislóð smábáta gerir veiðar smábáta mjög erfiðar. 20% skerðing á aflamarki í ýsu á nýbyrjuðu fiskveiðiári gerir alla sjósókn smábáta mjög erfiða. Að ætla að skerða línuívilnun ofan í skerðingu á aflamarki í ýsu er því galið. Skerðingu á aflamarki mætti lina mikið með hækkun á línuívilnun í ýsu og steinbít. Skerðing þessi leiðir einnig til fækkunar starfa við beitingu í landi.

Strandveiðar

59. Fjórðungsþing Vestfjarða haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014 fer fram á að misskipting varðandi fjölda veiðidaga á strandveiðum verði tafarlaust lagfærð.

Greinargerð:

Eins og staðan er í dag þá geta strandveiðibátar sem róa á svæði A sem nær frá miðjum Faxaflóa til og með Súðavíkurhreppi aðeins róið 4 til 6 daga meðan önnur strandveiðisvæði eru með veiðidaga upp í 12 til 16 veiðidaga sömu mánuði.

Veiðigjald

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri 3. og 4. október 2014 krefst þess að veiðileyfagjald smábáta á makrílveiðum verði stórlega lækkað þar sem það stuðlar klárlega ekki að arðsemi sem þarf til að hægt sé að stunda makrílveiðar smábáta.